

nóvember 1967, kr. 6.000.00, og kr. 40.214.35 bætur fyrir 2ja mánaða uppsagnarfrest, sem hann kveðst eiga rétt á. Stefnandi hefur sundurliðað og gert nákvæma grein fyrir kröfum sínum.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnukröfurnar.

Stefndi mætti ekki í málinu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt.

Málatilbúnaði stefnanda þykir í engu áfátt, og ber því að dæma málið samkvæmt skjölum og skilríkjum eftir 118. gr. laga nr. 85/1936.

Ber að dæma stefnda til að greiða stefnukröfurnar.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 9.100.00 krónur, og ber að dæma stefnda til að greiða hann.

#### Dómsorð:

Stefndi, Fjöliðjan h/f, greiði stefnanda, Kristni Einarssyni f. h. Margeirs Guðmundssonar, kr. 61.214.35 ásamt 1% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. desember 1967 til greiðsludags og 9.100.00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 3. febrúar 1969.

Nr. 114/1968. **Theodór Árnason**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

**Ásgeiri Sigurðssyni**

(Jóhannes Lárusson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál. Fyrning.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að löghaldsgerð sú, sem fram fór á hendur honum 14. des-

ember 1967, verði úr gildi felld, að fjárnámsgerð sú, sem gerð var í eignum hans hinn 15. marz 1968, verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum fjárnámskostnað og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Réttarstefna í máli þessu í héraði, útgefin 16. desember 1967, var birt 6. janúar 1968. Voru þá meira en þrjú ár liðin frá gjalddaga víxilsins. Var víxilkrafan þá því fyrnd samkvæmt skýlausum ákvæðum 70. gr. og 71. gr. víxillaga nr. 93/1933, en nefnd 71. gr. er um riftun fyrningar í samræmi við aðalreglu 11. og 12. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda sýknu af kröfum stefnda og fella hina áfrýjuðu löghaldsgerð og svo hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Þar sem þingsókn féll niður af hendi áfrýjanda fyrir héraðsdómi, er rétt að fella niður málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Theodór Árnason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs Sigurðssonar, í máli þessu.

Hin áfrýjaða löghaldsgerð og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru úr gildi felldar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. janúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. janúar 1968, af Ásgeiri Sigurðssyni, Hávallagötu 7, Reykjavík, gegn Theodór Árnasyni, Sólvallagötu 25, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð samtals krónur 100.000.00, útgefins 20. ágúst 1964 af stefnanda og samþykkt af stefnda til greiðslu í Samvinnubanka Íslands h/f hér í bæ 20. desember 1964, en á víxli þessum er stefnandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 100.000.00, með 9% ársvöxtum frá 20. desember 1964 til 12. júní 1965, en með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 240.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., þar af kr. 3.187.00 í löghaldskostnað. Jafnframt hefur stefnandi krafizt staðfestingar á lög-haldi, sem gert hafi verið í húseign stefnda að Álfrólsvegi 101, Kópavogi, en löghald þetta hafi verið framkvæmt af fúgetarétti Kópavogs þann 14. desember 1967.

Stefndi hefur látið sækja þing, en þingsókn féll niður, án þess að varnir kæmu fram.

Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. Það athugast, að gjalddagi víxilsins var 20. desember 1964, en stefna í máli þessu var birt 6. janúar 1968. Samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 93 frá 1933 hefði því víxillinn verið fyrndur. Nú er hins vegar á það að líta, að löghald var gert út af hinum umstefnda víxli, og var það löghaldsmál tekið fyrir í fúgetaréttinum 14. desember 1967, eins og áður er minnt á. Það er skoðun dómars, að fyrirtekt málsins í fúgetaréttinum megi öldungis jafna til þeirra réttargerða, sem nefnd 1. mgr. 77. gr. fjallar um, sbr. C. Rasting i Den danske veksell og schecklovgivning, 1928, bls. 218. A. Helper i Veksell og checkloven, bls. 261, og P. Lyngsö í Check og veksellovene 1967, bls. 262. Ber því að líta svo á, að fyrirtekt málsins í fúgetarétti hafi slitið fyrningu. Vextir ákveðast 9% frá 20. desember 1964 til 1. janúar 1965, en 8% ársvextir frá þeim degi til 12. júní 1965. Málskostnaður ákveðst kr. 16.000.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Theodór Árnason, greiði stefnanda, Ásgeiri Sigurðssyni, kr. 100.000.00 með 9% ársvöxtum frá 20. desember 1964 til 1. janúar 1965, 8% frá þeim degi til 12. júní 1965, en með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 240.00 í stimpilkostnað og

kr. 16.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Löghaldsgerð fógetadóms Kópavogs 14. desember 1967.**

Ár 1967, fimmtudaginn 14. desember, var fógetaréttur Kópavogs settur að Álfrólsvégi 101 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Eysteinsyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið Ásgeir Sigurðsson gegn Theodór Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 víxil.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhannes Lárusson hæstaréttarlögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 100.000.00 með 9% ársvöxtum frá gjaldþaga víxilsins til 12. júní 1965 og 1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, 1/3% í þóknun, kr. 240.00 í afsagnarkostnað, kr. . . . (sic) í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, staðfestingarmál, innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli á þessa eign, og fyrir hann mætir Ísleifur Pétursson, sem er hér staddur. Áminntur um sanssögli kveðst hann ekki greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola, Álfrólsvégi 101. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

#### **Fjárnámsgerð fógetadóms Kópavogs 15. marz 1968.**

Ár 1968, föstudaginn 15. marz, var fógetaréttur Kópavogs settur að Álfrólsvégi 101 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Eysteinsyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið Ásgeir Sigurðsson gegn Theodór Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur, mál nr. 5036/1968.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhannes Lárusson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 100.000.00 með 9% ársvöxtum frá 21. desember 1964 til 1. janúar 1965 og 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 12. júní 1965 og 1% mánaðarvöxtum frá 12.

júní 1965, kr. 430.00 í birtingar-, endurríts- og stimpilkostnað, kr. 16.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarpola.

Gerðarpoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Ásgerður Ásgeirsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarpola, Álfhólsvegi 101, vesturhelmingi.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

---

Miðvikudaginn 5. febrúar 1969.

Nr. 48/1968.

**Vestmannaeyjakaupstaður**

(Björn Sveinbjörnsson hrl.)

gegn

**Sigurlaugu Sigurjónsdóttur og gagnsök**

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð felld úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz 1968. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda kr. 88.510.00 með 7% ársvöxtum frá 10. október 1967 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda og að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.